



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



HÓLABORG

HAMINGJA HEILBRIGÐI SJÁLFRÆÐI

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Leiðarljós leikskólans Kennum gott með góðu



1. Greinargerð leikskólastjóra

Undir vorið fóru tveir deildarstjórar í fæðingarorlof og komið var að starfslokum hjá þeim þriðja og tóku úrvalskonur við keflinu. Þær Sigga, Jolanta og Paulina voru fljótar að koma sér inn í stöðuna og hafa stýrt deildunum vel eins og við var að búast.

Þennan veturinn héldum við áfram að leggja áherslu á þróunarverkefni okkar við innleiðingu á menntastefnunni góðu. Við tókum fyrir annan hluta verkefnisins sem fjallaði um þátttöku barna. Þessi hluti ásamt þeim fyrsta eru þættir sem hafa gefið okkur hugmynd um stöðu okkar hvað varðar þátttöku allra í leikskólastarfinu bæði um ágæti okkar og einnig hvernig við getum bætt okkur á ýmsum sviðum. Þetta ágæta verkefni er að leiða okkur að hugmyndum og auknum skilningi á mikilvægi þess að allir kennarar séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ekki síður mikilvægi sitt sem og að vekja okkur hressilega til að gera betur hvað varðar það að raddir barnanna heyrist ekki bara, heldur sé á þær hlustað af öllum starfsmönnum leikskólans. Ég upplifi áhuga starfsfólks á þessu sviði og vilja til að gera betur að börnin verði meiri þátttakendur í ákvarðanatökum í Hólaborg. Eins og segir í fyrri starfsáætlunum hefur þetta verkefni verið unnið í samstarfi við háskólasamfélagið og Dr Anna Magnea Hreinsdóttir hefur hvatt okkur til að kynna þetta verkefni víða og við höfum nú þegar kynnt það á leikskólastjórafundum og á Menntakviku síðast liðið haust. Fram undan er að kynna það á Eecera ráðstefnu í Lissabon og á menntakviku næstkomandi september. Útifjör er verkefni sem hefur einnig fengið styrkveitingu. Síðastliðið ár höfum við verið að þróa það áfram og taka þessa sömu þætti inn í það þ.e. hlutverk kennara og þátttöku barna. Ýmislegt hefur áunnist hvað það varðar og það hefur nú bæst við þá þætti í starfinu sem eru í símati. Börnin sýna útifjóri mikinn áhuga og það verður gaman að heyra hugmyndir þeirra næsta skólaár.

Þetta árið notuðum við loksins Erasmus+ styrkinn til að sækja námskeið til Írlands og Hollands en eins og áður hefur komið fram frestuðust þær ferðir. Þetta voru ferðir fyrir stjórnendateymið sem sóttu námskeið til að styrkja sig í stjórnun og skapandi hugsun.

Samskipti við fjölskyldurnar í Hólaborg hafa verið góð og átakalaus. Við sluppum ekki frekar en aðrir leikskólar við tíð veikindi starfsfólks og barna í vetur og það ásamt 4 tíma styttingu varð til þess að sumir dagar voru meira krefjandi en aðrir. Nokkra daga á árinu þurftum við að senda börn heim vegna fáiðunnar en ég er þó fegin að það var ekki oftast en raun bar vitni. Foreldrar sýndu þessu mikinn skilning og ég er þakklát fyrir það. Við kveðjum börn og fjölskyldur þeirra á hverju ári og þetta árið kveðjum við hóp foreldra sem hefur farið í gegnum áskoranir með okkur og sýnt okkur mikinn velvilja og góða samvinnu.

Það er vandasamt að velja úr leikskólalastarfinu þætti til að setja inn í stutta greinagerð, af mörgu er að taka. Það eru þó alltaf leiðirnar sem eru farnar og viðhorfin sem við höfum til nemendanna okkar sem hafa hvað mestu áhrif á leirdómssamfélag ungra barna.

Við viljum leggja mikla áherslu á að leiðirnar okkar í Hólaborg henti öllum börnum og krefjumst þess að starfsfólkið líti á öll börn sem hæfa einstaklinga. Það og með lýðræðislegri hugsun og hugrekki getum við mætt öllum þörfum allra eins vel og okkur er unnt.

Skipulagt endurmat og símat hafa leitt okkur að sjö námsleiðum sem áhrifaríkar námsleiðir fyrir leikskólabörnin okkar og við höfum verið að meta þær reglulega með hefðbundnum sem óhefðbundnum hætti. Við erum nú að vinna að því að útbúa glærur og bæklinga um hvern þátt fyrir sig sem munu svo fara í starfsmannahandbók og verða þannig aðgengilegir öllu starfsfólki.

Börn með hlutverk, Lubbi finnur málbein, Flæði, Skráningar, Hópastarf, gefðu 10 og útifjör eru allt námsleiðir sem voru notaðar í vetur og verða áfram.

Bókin að heiman er að fara af stað aftur eftir að hafa dottið út í vetur og áætlað er að fara að tannbursta börnin aftur í hádegina eftir endurmat strax í haust en þessi mikilvægi þáttur í starfinu hefur ekki verið tekinn inn aftur eftir að hann féll niður.

Það gekk vel að innleiða ýmsa þætti sem höfðu dottið út vegna ástandsins undanfarin ár.

Okkur tókst þó ekki að endurmeta foreldrasamstarfið og það fer inn í nýja matsáætlun. Það er mikilvægt að meta samstarf við foreldra vel og gera það með tilliti til margra þátta.

Enn er ég hreykin af stöðugleikanum í starfsmannahaldi. Með vel samstilltum hóp til lengri tíma bjóðast okkur fleiri tækifæri til þróunar í starfi og þrátt fyrir að við séum lítil eining erum við stór og opinn skóli sem fagnar fjölbreytileikanum. Ég hvet ykkur til að kíkja á litla grein frá okkur í Breiðholtsblaðinu sem kom út í vor um það hvernig fjögur skólastig voru samankomin hér á sama tíma í vetur. Einnig hvet ég ykkur til að líta á myndböndin sem Blómaskólarnir hafa útbúið og eru komin inn á menntastefnuvefinn. Þar er einnig að finna skýrslur um þetta starf síðast liðin tvö ár en því miður fáum við ekki styrk til að klára þriðja og síðata árið í þessu verkefni en vegna fjárhagstöðu borgarinnar verða þessir styrkir ekki veittir á næsta ári eins og til stóð. En við munum nýta okkur vel öll þau góðu gögn sem Anna Magnea hefur fært okkur til að halda áfram að innleiða gott endurmat með þátttöku barnanna.



2. mat og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Þróunarverkefni og samþætting Flæði <ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka barna í leikskólastarfi • Endurmat barna. 	Lýðræðislegar samræður á deildar- og starfsmannafundum og með spurningalistum í hópastarfi með börnunum	Starfsfólk og börn	Starfsfólk hefur tileinkað sér fleiri aðferðir og leiðir til að nálgast sjónarmið barna. Starfsfólk er fróðara um mikilvægi þess að virkja áhrifamátt barna og að þau hafi rödd í leikskólanum. Endurmat barnanna sýnir að þau eru óvön því að meta sjálf eigið starf eða að hafa skýrar skoðanir á mikilvægum þáttum í dagskipulagi leikskólans. Það þarf að koma á markvissara endurmati barna inn í áætlanir deildanna. Niðurstöður mats á þróunarverkefninu koma fram í skýrsla um þátttöku barna í leikskólastarfi og er aðgengileg í verkfærakistu á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að birta grein í ritrýndu tímariti Einnig að vera með kynning á Eecera ráðstefnu í Lissabon og á menntakviku á þessu ári.
Þróunarverkefni - Útifjör framhald	Með skráningum, samræðum á deildar- og starfsmannafundum og spurningarlistar	Starfsfólk og börn	Ákveðið var að falla frá því að útifjör verði tvisvar sinnum í viku á sumrin og halda því frekar inni einu sinni í viku. Einnig að fækka stöðvum og leggja meiri

			<p>áherslu á þær sem eru í boði og þannig eigi sér stað dýpra nám.</p> <p>Útifjörsteymi þarf að fá fleiri tækifæri til undirbúnings til að leiða þróun á útifjöri.</p> <p>Hafin er vinna við útifjörsbækling.</p> <p>Það þarf að innleiða hentuga endurmatsleið sem mun stuðla að endurtekinni þátttöku barna við að meta útfjör</p>
Hópastarf	Samantekt á núverandi verklagi á deildarfundum og endurmat á því með lýðræðislegum samræðum og kynnt fyrir hinum deildunum	Starfsfólk	<p>Búið til verklag um hópastarf á öllum deildum og samræmt þar sem við á. Markvissara hópastarf.</p> <p>Búna til glærur og bæklingur um Hópastarf í Hólaborg</p>
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	Náðist ekki að meta		Fer í nýja matsáætlun

Umbótaáætlun

Hvað	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-----------------------------------	-------------------

Próunarverkefni A hluti Útifjör framhald	Samantekt um þróunarverkefnið þar sem meðal annars kemur fram hvað á sér stað þegar börnum er boðið upp á nýjar upplifanir. Dýpra útinám Markvisst endurmat barna Útbúa glærur og Útifjörsbækling Aukin þátttaka starfsfólks.	Útifjörsteymi fundar reglulega Fækka stöðvum	Stjórnenda- og útifjörsteymi Börnin	Haust '23	Vor '24	Með skráningum og spurningalista	Útifjör verður vettvangur að kveikjum þar sem börnin upplifa nýjar áskoranir og upplifanir sem dýpka námið. Útifjörsbæklingur og glærur. Aukin þátttaka starfsfólks.
--	---	--	-------------------------------------	-----------	---------	----------------------------------	--

Pátttaka barna við endurmat	Börnin komi oft og reglulega að endurmati og fá þannig tækifæri til að þjálfra eigin rödd. Innleiðing á hentugri endurmatsleið sem stuðlar að endurtekinni þátttöku barna við að meta nám sitt.	Aðferðir kynntar og starfsfólkið prófar sjálf og æfir sig á starfsmannafundi. Eftirfylgni á fundum stjórnendateymis	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri	Október '23	Máí '24	Með skráningum og rýnihópum	Verklag fyrir hverja deild um endurmat barna Glærur og bæklingur um endurmat barna verða aðgengilegar og verða hluti af símati.
-----------------------------	---	---	--	-------------	---------	-----------------------------	---



3. innra mat deilda

Lóudeild

Í vetur voru tveir árgangar á deildinni eins og áður, börn fædd 2020 og 2021. Starfið á deildinni hefur gengið vel, frjálsa leiknum hefur verið gert hátt undir höfði og hópastarf, hreyfistundir, Lubbastundir og flæði eru fastir liðir í dagskipulaginu.

Starfsfólk hefur lagt áherslu á að bjóða börnunum upp á efnivið sem hæfir þroska og aldri þeirra ásamt tíma og rými til þess að þróa frjálsa leikinn. Barnahópnum var skipt upp í minni hópa og starfsfólk var til staðar á gólfinu til þess að styðja við börnin í leik. Börnin fá tækifæri og tíma til þess að æfa sjálfræði hvort sem það er við matarborðið, í fataherberginu eða annarsstaðar. Börnin geta valið sér leikefni en leikefni við hæfi er þeim aðgengilegt inni á deild.

Hópastarf fór fram tvisvar í viku í vetur og hreyfistund einu sinni í viku. Barnahópnum var skipt í hópa eftir aldri. Í hópastarfi var unnið með þemað „Líkaminn“ annars vegar og Lubbi finnur málbein hins vegar. Lubbastundir hafa fest sig í sessi í starfi deildarinnar, við æfum

málhljóð á hverjum degi og aðra hverja viku var valinn Lubbastjóri sem gerði verkefni tengt málhljóði vikunnar með starfsmanni. Að festa Lubba í sessi var einn af umbótaþáttum síðasta árs, það gekk vel og Lubbi er orðinn hluti af daglegu starfi deildarinnar.

Lestrarstundir og málörvun í daglegu starfi hafa gengið vel en þó er alltaf svigrúm til að gera betur. Starfsfólk hefur lagt mikið upp úr því að leggja orð á athafnir, hluti og lýsa því sem á sér stað hverju sinni, lesa bækur og syngja. Skipulegar lestrarstundir í litlum hópum hafa á tímum dottið niður en svo tekið við sér aftur og markmið næsta skólaárs því að koma á stöðugleika. Gefðu 10 var einn af umbótaþáttum síðasta árs. Ekki náðist að festa það í sessi í vetur, starfsfólk kom með hugmyndir að endurbótum á deildarfundi sem komið verður inn í verklagið næsta haust.

Börnin á Lóudeild taka þátt í endurmati á starfi deildarinnar á sinn hátt með því að starfsfólk fylgist með virkni þeirra og tilfinningum þeirra til þess sem metið er. Séu börnin virk í starfinu, glöð, ánægð og örugg metum við sem svo að þeim líki vel við það sem fram fer.

Sigga Jasonardóttir
(leysti deildarstjóra af frá mars 2023 vegna fæðingarorlofs)



Umbótaáætlun Lóudeildar

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun og Gefðu 10	Að starfsfólk sé virkt í málörvun allra barna, nýti daglegt starf til málörvunar og sinni	Allt starfsfólk les fyrir lítinn hóp barna, spyr spurninga, leggur orð á hluti og athafnir, lýsir því sem á sér stað í umhverfinu, endurtekur og bætir við það sem	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Ágúst 2023	Júlí 2024	Hæfni rammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla (deildarstjóri metur stöðu á 3ja mán fresti). Skráningarblöð fyrir Gefðu 10. Tekið fyrir	Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, börn sýni framfarir í orðaforða, tjáningu og skilningi.

	Gefðu 10 á hverjum degi	barnið segir. Syngur, fer með þulur, klappar takta og atkvæði. Veitir börnum athygli og tíma til samræðna m.t.t. Gefðu 10 . Lubbastundir og lubbastjóri				reglulega á deildarfundum.	
Gönguferðir	Að öll börn fari a.m.k. einu sinni í mánuði í gönguferð (ef veður leyfir)	Gönguferðir verði settar inn á mánaðaráætlun deildarinnar. Skráningarblað verði sýnilegt og merkt verði með dagsetningu hjá hverju barni þegar það fer í gönguferð. Byrja á stuttum ferðum t. d hring í kringum leikskólann og lengja svo smám saman eftir því sem líður á skólaárið.	Deildarstjóri ber ábyrgð (hópstjóri ber ábyrgð á að sinn hópur fari a.m.k. einu sinni að vori/hausti í gönguferð í hreyfistund og allt starfsfólk framkvæmir	Ágúst 2023	Júlí 2024	Skráningarblað skoðað og framvinda rædd á deildarfundum. Hvert barn hafi eina skráningu frá gönguferðum í möppunni sinni fyrir sumarfrí 2024. Ef gönguferð fellur niður að ástæða sé skráð svo hægt sé að skoða hvað það er sem kemur í veg fyrir framkvæmd.	Að öll börn hafi farið í gönguferð a.m.k. einu sinni í mánuði yfir skólaárið svo lengi sem veður leyfir.
Hlutverk starfsfólks í útiveru	Að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt í útiveru, þekki ábyrgð og skyldur og sé virkur þátttakandi í námi barna í útiveru	Útbúið sé verklag sem inniheldur viðmið um hlutverk starfsfólks. Útkoman fari í starfsmannahandbók sem kynnt er öllu nýju starfsfólki og starfsfólk sem er við störf getur lesið til þess að rifja upp. Hægt að vísa í ef eitthvað kemur upp.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Ágúst 2023	Júlí 2024	Hlutverk starfsfólks, ábyrgð og skyldur ræddar á deildar- og starfsmannafundum. Stofna teymi sem vinnur úr hugmyndum starfsfólks, vinnur að gerð verklags og kynnir fyrir öllu starfsfólki.	Starfsfólk þekki hlutverk sitt í útiveru, vinni eftir nýju verklagi og verklag verði komið í starfsmannahandbók við lok næsta skólaárs.
Próa frjálsa leikinn	Að starfsfólk taki þátt í leikjum og starfi til að aðstoða	Vera á gólfinu með börnunum og fylgjast með þeim, taka virkan þátt án þess að stýra leiknum og	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2023	Maí 2024	Rýnihópar. Rætt á deildarfundum. Skoða skráningar og myndir frá daglegu starfi.	Að starfsfólk sé virkt í leik með börnunum.

	börnin við að þróa leikinn og kveiki á hugmyndum	aðstoða þau við að þróa leikinn	r framkvæmir				
Flæði	Starfsfólk taki ábyrgð á því svæði sem það velur sér hverju sinni, bjóði upp á kveikjur að leik, upplifun eða skynjun.	Starfsfólk skrái sig á svæði og hvað það hyggst bjóða upp á tímanlega. Þannig gefst nægur tími til þess að undirbúa og finna til efnivið.	Hver starfsmaður ber ábyrgð á sér og sínu svæði ásamt deildarstjóra. Allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Ágúst 2023	Júlí 2024	Skráningum á flæðistöflu safnað saman og skoðaðar, endurmat á deildar- og starfsmannafundum.	Flæði hefur þróast, börnin fá tíma og rými fyrir sinn leik og starfsfólk sé til staðar og styðji við börnin.
Útifjör	Að starfsfólk sé virkt og bjóði upp á kveikjur að leik, upplifun eða skynjun	Starfsfólk undirbýr og stillir upp stöð í útifjóri með áhugaverðum efnivið. Er til staðar til þess að aðstoða börnin að framkvæma hugmyndir sínar á öruggan hátt og hjálpa þeim þannig að þróa leik sinn áfram.	Hver starfsmaður tekur ábyrgð á sinni stöð ásamt deildarstjóra. Allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Ágúst 2023	Júlí 2024	Skráningar starfsfólks í útifjör. Myndir og skráningar frá útifjóri, rýnihópar, deildar- og starfsmannafundir.	Að útifjör þróist áfram, og stuðli að virkni barna og fullorðinna við leik og starf.



Spóadeild

Ég tók við deildinni tímabundið í janúar vegna fæðingarorlofs deildarstjóra og mun sinna stöðunni fram að lokum fæðingarorlofs.

Í umbótaáætlun síðasta árs voru umbótaþættirnir eftirfarandi: innleiðskráningar, hlutverk, bókin að heiman-bókin heim, gönguferðir og Lubbi finnur málbein. Það gekk misjafnlega að innleiða þessa umbótaþætti í starfið í vetur. Það stafaði af ýmsu en má helst nefna veðuraðstæður og manneklu. Umbótaþættirnir voru endurmetnir á deildarfundum og ákveðið hvort halda skyldi áfram með þá eða skipta þeim út fyrir aðra.

Skólaárið byrjaði með aðlögun á milli deilda og það gekk vel. Börnin voru að kynnst starfinu á deildinni í haust og var mikill tími gefinn fyrir frjálsan leik. Lagt var upp með hópastarf þrisvar í viku og flæði á milli deilda tvisvar í viku. Flæði og frjáls leikur var ríkjandi í haust þar sem oft var mannekla og hópastarf gekk ekki upp eins og planað var á haustmánuðum. Það var líka mikil innivera í vetur vegna veðurs og aðstæðna í garðinum. Deildinni var skipt í svæði þar sem börnin gátu valið með hvað þau vildu leika sér.

Innskráningar. Það gekk misvel að gera skráningar og verður þátturinn settur áfram til umbótar þar sem vantaði uppá að starfsfólk hefði frumkvæði að því að gera skráningar og þörf er á meiri fræðslu til að starfsfólk geti dýpkað skráningarnar.

Hlutverk. Það gekk illa að sinna verkefninu haust og vetrarmánuðum og í janúar var þátturinn endurskoðaður og valin hlutverk sem börnin sýndu mestan áhuga á en það voru umsjónarmenn, endurvinnari og garðstjórar. Okkur tókst að byrja þetta verkefni því börnin sýndu mikinn áhuga á að hjálpast að við verkefni og hlutverkin eru orðin föst í daglegu starfi deildarinnar.

Bókin að heiman – bókin heim. Það gekk ekki að sinna þessu markmiði á þessu skólaári og það var ákveðið að setja það áfram í umbótaáætlun með breyttu sniði.

Gönguferðir – markmiðinu var ekki náð vegna ýmissa aðstæðna eins og manneklu og veðuraðstæðna. Það var ákveðið að halda áfram með gönguferðir í umbótaáætlun og leggja áherslu á að það verði farið a.m.k. einu sinni í haust og einu sinni í vor í gönguferð og bæta við ef það gengur vel.

Lubbi finnur málbein hefur verið fastur liður í starfi deildarinnar allt skólaárið. Hver hópur fór allavega einu sinni í viku í Lubbastund þar sem börnin sungu saman Lubbalögin, skoðuðu og lærðu orð sem byrja á máhljóði vikunnar og skrifuðu og teiknuðu allt sem tengist máhljóðinu. Svo eru Lubbalögin sungin í söngstundum í hverri viku. Það var ákveðið að taka Lubbi finnur málbein úr umbótaáætlun vegna þess að það hefur náð að festast í starfi deildarinnar.

Flæði hefur verið fast í dagsskipulagi deildarinnar tvisvar sinnum í viku – á mánudögum og föstudögum. Flæði hefur gengið vel en oft vantaði fjölbreyttari hugmyndir að verkefnum og því var flæði sett í umbótaáætlun.

Planað var að hafa hópastarf þrisvar í viku en fyrir áramót gekk það ekki alltaf upp eins og ætlað var. Eftir áramót var sett upp betra skipulag á hópastarfinu og þá gekk mikið getur. Það var lögð áhersla á eitt þema í einn mánuð í senn og á vormánuðum hafa börnin unnið með líkamann, liti, tölurnar 1-10 og náttúruna í kringum okkur. Við höfum undirbúið sérstaka kassa sem eru merktir hverju þema sem verða notaðir í hópastarfinu næsta skólaár. Við sáum jákvæðar breytingar hjá börnunum t.d. fóru börn sem vantaði uppá íslenskuna að herma eftir orðum og nota málið miklu meira.

Stór hluti barnanna á deildinni eru tví- og þrítyngd svo við lögðum mikla áherslu á kennslu orðaforða með myndrænum hætti. Það er myndrænt dagsskipulag í augnhæð barnanna á deildinni og þess myndir á loðtöflu á vegg þar sem börnin geta hvenær sem er skoðað myndirnar, spurt um þær og lært og kennt hvert öðru. Við höfum lagt mikla áherslu á söngstundir og erum að gera þær myndrænni. Við lesum líka sögur og notum bækur með myndum.

Útifjör. Lagt var upp með að útifjör væri einu sinni í viku á vetrarmánuðum og oftár í vor og á sumarmánuðum. Það gekk ekki alltaf vel svo margt var endurskoðað og nýjar hugmyndir lagðar fram.

Gefðu 10 er verkefni sem við byrjuðum á snemma eftir áramót. Mörg börn voru með slakan íslenskan málþroska (tvítyngd og þrítyngd börn) og þurftum við að finna lausnir til að hjálpa þeim að bæta við orðaforða og efla málþroskann.

Jolanta Zelmene

Umbótaáætlun Spódeildar

Hvað	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leik-skráningar	Að bæta og fjölga leik-skráningum.	Grípa tækifærið þegar það gefst að taka myndir. Gera skipulag fyrir annan hvern mánuð. Starfsfólk verði ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum og fær stuðning frá verkefnastjóra	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Sept 2023	Júní 2024	Metið út frá fjölda og gæðum skráninga í ferilmöppu barnanna ásamt rýnihóp. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi a.m.k. 3 leik-skráningar í möppunni sinni eftir veturinn.

		við skráningar og skráningaforritið.					
Hlutverk kennara og þátttaka barna	Kennarar taka þátt í leik barna, nota meira myndrænt. Virkja og sinna þremur hlutverkum barnanna á deildinni – umsjónamaður, garðstjóri og endurvinnslu-aðstoðarmaður.	Hlutverk kennara gert myndrænt og aðgengilegt á vegg inn á deild – um samverustund, við matarborð, í leik, í útiveru, í frjálsan leik, í hópastarf og Lubbastund. Myndrænt skipulag komið á vegg og á lykklakippu svo það er hægt að grípa það með hvenær sem er. Málörvunar mappa gert með myndum um helstu	Deildarstjóri ber ábyrgð á myndræna skipulag, málörvunarmöppu, skráningarblöðum. Starfsfólk deildarinnar ber ábyrgð um að framkvæma verkefni	Sept. 2023	Júní 2024	Rýni-hópur. Rætt á deildarfundum, skráninga-blað skoðað og rætt.	Að kennarar bæt við vinnulagið sitt, myndir og myndrænt skipulag sé notað. Að öll börn sinni öllum hlutverkum reglulega yfir veturinn, skráninga-blað skoðað.
Bókin að heiman	Verkefninu sé sinnt tvisvar sinnum yfir árið, okt/nóv og mars/apríl.	Notumst við skráningablað. Lesa bókina, skoða saman, gera skráningu. Virkja starfsfólk til að framfylgja verkefninu	Ákveðið starfsmaður deildarinnar.	Okt 2023	Apríl 2024	Skráningablað skoðað og rætt af rýnihóp á deildarfundum.	Að öll börn komi með bók í leikskólann
Gönguferðir	Að fjölga gönguferðum og stefna að því að þær festist í sessi í starfi deildarinnar.	Þjóða hverju barni að fara í gönguferð a.m.k. einu sinni í haust og einu sinni í vor og notast við skráningablað um hverjir fara hverju sinni. Gera skýrara plan yfir hvenær börnin eiga að fara í gönguferð.	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð um að skipuleggja gönguferðir.	Sept. 2023	Júlí 2024	Skráninga-blað. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi farið a.m.k. tvisvar í gönguferð yfir skólaárið.

Útifjör	Útifjör verði fastur liður í útinámi í Spóadeild. Starfsfólk séu virkir í útisvæði og boðið verði uppá fjölbreyttar áskoranir og verkefni.	Útifjör verði 1x í viku á fimmtudögum. Boðið verður upp á a.m.k. 2 stöðvar með fjölbreyttum verkefnum. Hugmyndabanki verði gerður og áætlun fyrir einn mánuð í senn. Útbúa bækling um útifjör.	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á að útbúa bækling um útifjör.	Ágúst 2023	Júlí 2024	Skráningar um hvað er boðið uppá í hverju sinni. Hugmyndabanki notað. Rýnihópar, rætt á deildarfundum. Endurmat með börnunum.	Útifjör sé fastur partur í starfi leikskólans. Fjölbreytni hafi aukist í útinámi. Starfsfólk sé virkt og börnin hafi áhrif á hvað er boðið uppá og njóti útiveru.
Gefðu 10	Að auka málörvun í daglegu starfi á deildinni.	Hver starfsmaður á 10 mínútna samtál/samskipti daglega við börn sem þurfa á auka málörvun að halda. Hver starfsmaður merkir við á skráningarblaði þegar hann hefur lokið 10 mínútum á dag. Myndræn málörvunar bók útbúin til að auka orðaforða og auðvelda samskipti milli starfsfólks og barna.	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á að gera skráningar-blað og myndræna málörvunar-bók	Sept. 2023	Júní 2024	Skráningarblað. Metið á deildarfundum. Rætt hver þarf auka málörvun og hversu lengi.	Að börn sem fengu gefðu 10 hafi öðlast betri málþroska. Hægt að skoða skráningar-blöð og sjá hversu vel þau voru fyllt út.
Flæði	Að auka fjölbreytni og áskoranir í flæði.	Myndrænn hugmyndabanki útbúinn, skráningar gerðar hverju sinni yfir hvað er í boði á svæðunum.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2023	Júní 2024	Skráningar um hvað er boðið uppá í hverju sinni. Myndræn hugmyndabanki notað. Rýnihópar, rætt á deildarfundum. Endurmat með börnunum.	Fjölbreytni hafi aukist í flæði. Starfsfólk sé virkt og börnin hafa áhrif á hvað er boðið uppá og

							njóti flæðis.
--	--	--	--	--	--	--	---------------



3. Innra mat Krummadeildar

Ég tók við deildinni tímabundið í september 2022.

Í umbótaáætlun síðasta árs voru umbótaþættirnir eftirfarandi: Hlutverk barna- ábyrgð sem leið í sjálfræði, bókin að heiman/bókin heim, gönguferðir, innleiða Lubba í hópastarf og skráningar. Vegna reynsluleysis míns gekk misjafnlega að innleiða umbótaþættina í starfið í vetur. Það gekk vel að vinna skráningar og næsta vetur er á áætlun að þróa skráningarnar áfram og fara dýpra í þær. Við efldum hlutverk barnanna, byrjuðum aftur að velja umsjónarmenn og bættum við garðstjórum sem sjá um að fara með dót út á útisvæðið. Næsta vetur munum við bæta við endurvinnurum, veðurfræðing og samverustjóra. Það gekk ágætlega að fara í gönguferðir en við ætlum að halda þeim þætti áfram og hafa gönguferðir reglulega t.d. í hópastarfi.

Það gekk verr að festa vinnu með Lubba í sessi og bókin heim/bókin að heiman verkefnið var ekki unnið. Það verður innleitt í starfið næsta vetur.

Elstu börnin tóku þátt í ýmsum verkefnum eins og Barnamenningarhátíð og Sofnað að hausti, vaknað að vori. Þau fóru í Borgarleikhúsið, Árbæjarsafn, Hörpu og tóku þátt í ýmsum menningarviðburðum. Í vor fóru þau einnig á sundnámskeið.

Yngri árgangurinn fór með elstu börnunum að skoða túlípanana í verkefninu Sofnað að hausti, vaknað að vori. Allur hópurinn fór í heimsókn til Landshelgisgæslunnar og í nokkra göngutúra og strætóferðir.

Börnunum var gefinn mikill tími til að leika sér frjálst og vinna skapandi starf.

Paulina Groblicka



Umbótaáætlun Krummadeildar

Hvað	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk	Hlutverk barnanna ná í að festa sig í sessi og sé sinnt af öllu starfsfólki deildarinnar.	Deildarstjóri býr til skipulag fyrir hlutverk. Umsjónamenn, endurvinnari, garðstjóri og veðurfræðingur	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2023	Júlí 2024	Skráningar í ferilmöppu, skráningarblað og deildarfundir	Skráningarblað og skráningar sýna að öll börn hafi sinnt hlutverki umsjónarmanns, garðstjórar, veðurfræðings og endurvinnari

							reglulega yfir skólaárið.
Bókin að heiman	Að verkefninu sé sinnt tvisvar sinnum yfir árið í okt/nóv og mars/apríl.	Deildarstjóri býr til skráningarblað. Starfsfólk taki virkan þátt í að fylgja verkefninu eftir.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Okt. 2023	April 2023	Skráningarblað og metið á deildarfundum.	Að öll börn komi með bók í leikskólann
Lubbi finnur málbein	Innleiða Lubbi finnur málbein í starf deildarinnar.	Hvert barn fari einu sinni í viku í Lubbastund í hópastarfi. Gera Lubba meira sýnilegan á deildinni. Syngja Lubba lögin.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2023	Maí 2024	Deildarfundir og rýnihópar	Að starfsfólk þekki Lubbaefnið og geti unnið með það. Að börnin þekki Lubba og efnið nýtist þeim.
Skráningar	Að allt starfsfólk deildarinnar taki ábyrgð á skráningum. Að bæta og fjölga innileikskráningum	Gripa tækifærið þegar það gefst. Starfsfólk verður ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum og fær stuðning frá deildarstjóra.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Ágúst 2023	Júní 2024	Metið út frá fjölda skráninga í ferilmöppu barnanna ásamt rýnihóp. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi a.m.k. þrjár leikskráningar í möppunni sinni eftir veturinn.
Gefðu 10	Að auka málörvun í daglegu starfi.	Hver starfsmaður á 10 mínútna samtal/ samskipti daglega (10x1, 5x2...) við börn sem þurfa á auka málörvun að halda. Hver starfsmaður merkir við á skráningarblaði þegar hann hefur lokið 10 mínútum á dag.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Ágúst 2023	Júní 2024	Skráningarblað. Rýnihópar. Metið á deildarfundum. Rætt hver þarf auka málörvun og hversu lengi.	Að þau börn sem fengu auka 10 hafi öðlast betri málþroska. Hægt að skoða skráningarblöð og sjá hversu vel þau voru fyllt út.
Flæði	Að allt starfsfólk taki ábyrgð á	Hver starfsmaður á að undirbúa rými þar sem	Allt starfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Rýnihópar. Rætt á	Að hvert barn finna upp hvatning til að

	staðnum sem voru skrá sig á.	börn geta finna upp eitthvað áhugavert fyrir sig til að byrja leikinn eða gefa sköpunargáfunni lausan tauminn	deildarinnar			deildarfundum	þróa hugmynd sína.
Útifjör	Að starfsfólk taki þátt í leikjum og starfi til að aðstoða börnin við að þróa leikinn og kveiki á hugmyndum.	Hver starfsmaður búa til öruggan rými úti með ýmsum skemmtilegum möguleikum og taka virkan þátt án þess að stýra leiknum og aðstoða börnum við að þróa leikinn.	Allt starfsfólk deildarinnar	Sept. 2023	Júní 2024	Rýnihópar. Rætt á deildarfundum	Að starfsfólk sé virkt í leik með börnunum.



4. Innra mat sérkennslu


Veturinn 2022-2023 nutu fjögur börn í Hólaborg sérstuðnings. Nokkuð mörg börn höfðu þörf fyrir viðbótar málörvun sem sérkennslustjóri sinnti ásamt starfsfólki deildanna.

Sérkennslustjóri lagði fyrir skimanirnar Hljóm-2 og Efi-2. Sérkennslustjóri sá um að fylla út tilvísanir og beiðnir til þjónustumiðstöðvar í samráði við deildarstjóra og foreldra. Einnig sá sérkennslustjóri um að gera einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérstuðnings í samráði við stuðningsaðila. Við notuðum AEPS lista fyrir nokkur börn og unnum eftir ráðleggingum frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingum, talmeinafræðingum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennslustjóri sat alla teymisfundi og deildarstjórafundum og einnig deildarfundum þegar þess var þörf. Sérkennslustjóri sá einnig um ráðgjöf til starfsmanna, bæði á fundum og í daglegu starfi á deildum. Sérkennslustjóri sat skilafund til grunnskóla ásamt deildarstjóra Krummadeildar.

Í vetur var lögð áhersla á málörvun á deildum og var eitt af markmiðum sérkennslustjóra að gera Gefðu 10 að daglegum þætti deildanna. Það gekk ágætlega að koma því af stað en því miður fjaraði verkefnið svolítið út og þurfti reglulega að minna á það. Deildarnar munu hafa

Gefðu 10 í sínum umbótaáætlunum næsta skólaár og deildarstjórar munu bera ábyrgð á því að fylgja því eftir. Þessi umbótaáætlun verður því tekinn út úr umbótaáætlun sérkennslu. Annar umbótaáætlun var málörvunar- og leikhópar. Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum hvefrrar deildar fyrir sig fór yfir hvaða börn þurftu á auka málörvun/leikþjálfun að halda. Sérkennslustjóri fór inn á deildarnar þegar hentaði og vann með börnunum þar eða fór með þau í Stoð í meira næði. Sett voru upp skráningarblöð fyrir börnin sem sérkennslustjóri hélt utan um. Sérkennslustjóri telur að þetta fyrirkomulag henti vel og mun halda þessari vinnu áfram næsta skólaár. Þessi áætlun verður því tekinn út úr umbótaáætlun næsta árs.

Umbótaáættir næsta skólaárs verða að útbúa þemmapoka eða kassa til að auðvelda starfsfólki að nálgast efnivið til að nota t.d. í hópastarfi og málörvunarstundum. Annað markmið er að gera notkun myndræns efnis markvissara í öllum leikskólanum t.d. með því að nota meira myndir í samverustundum og hópastarfi og festa myndrænt dagskipulag betur í sessi. Sérkennslustjóri mun útbúa gagnabanka sem starfsfólk getur gengið í eins og þarf. Verið er að byrja vinnu með Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn og mun sérkennslustjóri aðstoða við að koma þeirri vinnu af stað.



Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Stuðningur fór fram eins mikið og hægt var inni á deildum. Nokkur börn fengu einstaklingþjálfun og/eða þjálfun í litlum barnahópi. Við studdumst við einstaklingsáætlanir og skráningar í þjálfunarstundum. Einnig var haldið utan um þjálfun barna, sem ekki hafa fengið úthlutuðum stuðning en þurfa auka málörvun, með skráningum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Við notuðum ýmis gögn eftir því hvað hentaði hverju barni. Hljóm-2 var lagt fyrir öll elstu börnin. Efi-2 var lagt fyrir 3 ára börnin. Við notuðum einnig AEPS, Orðaskil, Íslenska þroskalistann og Íslenska smábarnalistann eftir þörfum. Einnig er byrjuð vinna við að nota <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla</i> .
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Við unnum með Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin og Ljáðu mér eyra. Við notum einnig mikið verkefni sem búin hafa verið til í leikskólanum. Við höfum einnig gert félaghæfnisögur og orðaforðabækur sem fara á milli heimilis og leikskóla.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

Hvað	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þemapakar/kassar	Að útbúa fjölbreyttari efnivið til að nota í málörvun. Að gera efnivið aðgengilegra og betur skiplagðan.	Búa til þemapoka sem nýtast starfsfólkinu í starfinu með börnunum. Setja efnivið betur upp þannig að starfsfólk eigi greiðari aðgang að því.	Sérkennslustjórnari	Haus t 2023	Maí 2024	Rætt á deildarfundum. Könnun meðal starfsfólks í maí.	Að til verði gagnabanki með þemapokum sem auðvelt er að grípa með sér. Að starfsfólk hafi gott aðgengi að efnivið til málörvunar og notkun á efnivið hafi aukist.
Myndræn framsetning á deildum.	Að festa enn betur í sessi notkun á myndrænu skipulagi á deildum. Að starfsfólk tileinki sér notkun mynda í daglegu starfi.	Útbúa nýtt samræmt dagskipulag fyrir allar deildirnar. Útbúa myndabanka til að nota í daglegu starfi. Kynna notkun skipulagsins fyrir öllu starfsfólki á starfsdegi.	Sérkennslustjórnari og deildarstjórar.	Haus t 2023	Des. 2023	Rætt á deildarfundum. Könnun meðal starfsfólks í maí.	Að starfsmenn verði virkir í að nota myndrænt skipulag og myndir til að auka orðaforða barnanna.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjármagnið er notað í laun starfsmanns og til að kaupa námsefni.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Það er markviss málrækt í öllu daglegu starfi. Orð eru sett á athafnir og útskýringar á orðum eftir þörfum og stöðu hvers barns. Við erum með litla leshópa þar sem bækur eru valdar út frá stöðu barnanna í hópnum. Unnið er að því að gera Gefðu 10 að daglegum þætti á öllum deildum. Við styðjumst við málræktarmarkmið Hólaborgar og leggjum áherslu á þátttöku allra og að allir hafi rödd í hópnum.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Við leggjum áherslu á að vinna út frá áhugasviði barnanna og dýpkum orðaforðann út frá því. Kennararnir fara inn í leik barnanna til að auka orðaforðann. Við vinnum með Lubba námsefnið og vinnum með málið í hópastarfi, samverustundum og lestrarstundum.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Við notum skráningar og skimanir. Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börnin og ef þörf er á eru notuð önnur skráningarform t.d. AEPS listinn, Orðaskil og Einn leikskóli, mörg tungumál. Við erum einnig byrjuð að nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Hvert barn á ferilmöppu þar sem einnig er hægt að fylgjast með þroskaferli þess.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Við leggjum áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í daglegu starfi leikskólans. Við vinnum með alla þætti máls, bæði í frjálsum leik, í hópastarfi, flæði, samverustundum og öllu daglegu starfi. Við notum ýmis kennslugögn til aðstoðar. Ritmál er haft sýnilegt, notast við</p>

myndrænt skipulag, unnið með Lubba og alls konar verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Við byggjum á áhuga og styrkleikum hvers barns fyrir sig og byggjum ofan á það sem þau kunna nú þegar.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

Hvað	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Notkun á hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Að unnið verði út frá hæfnirömmum fyrir fjöltyngd börn til að meta stöðu þeirra í íslensku og styðja við framfarir.	Fyllt verði í skráningarblöð hæfniramma fyrir fjöltyngd börn, Hæfnirammur hafði til hliðsjónar þegar hópastarf og	Tengiliður fjölmenningar/sérkennslustjóri og deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Starfsmenn fari yfir skráningarblöð Hæfniramma hjá hverju barni fyrir sig á deildarfundum.	Börnin sýni framfarir samkvæmt skráningum í Hæfniramma.

		Samverustun dir eru skiplagðar.					



6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók öll starfsmannasamtöl þetta árið og ræddi um líðan starfsfólks og óskir þeirra. Um veturinn fékk starfsfólk fræðslu á *Hæfnirömmunum*, fulltrúar frá Miðja máls og læsis voru með fræðslu um *gæðamálörvun og leiðir til að auka málþroska ungra barna*. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir *Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur* var með fræðslu um *kynhegðun barna*. Leikskólastjóri og Aðstoðarleikskólastjóri sóttu námskeiðið *Leiðtogi* framtíðarinnar. Allt starfsfólkið fór á ráðstefnuna *Lof mér að leika* og var hópurinn sammála um ágæti þess sem þar kom fram. Stjórnendateymið fékk styrk í gegnum Erasmus og fóru til Hollands og Írlands á námskeið hjá *Europass Teacher Academy*. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeiðið *Effective leadership* og deildarstjórar á *Boosting creative thinking and problem solving*. Þá fengu deildarstjórar fræðslu í tengslum við þróunarverkefnið *Flæði og samþætting - þátttaka barna í leikskólastarfi* og búum við nú að því að eiga mikið af gögnum til upprifjunar og áframhaldandi þróunar á þeim mikilvæga þætti leikskólastarfsins. Á komandi skólaári verður lögð áhersla á áframhaldandi fræðslu um endurmat barna, rýnt í heilsueflandi *Breiðholt*, farið á skyndihjálparnámskeið og komið til móts við óskir starfsmanna um fræðslu svo eitthvað sé nefnt.



7. Samstarf við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar og fleiri.

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum og séu öruggari þegar kemur að byrjun grunnskólagöngu. Í vetur fengu börnin kynningu á skólanum þar sem þau fengu að ganga um skólann, skoða bókasafnið, snillismiðjuna, skólastofurnar o.fl. Börnin fóru svo í aðra heimsókn þar sem þau fengu að taka þátt í kennslustund hjá 1. bekk. Börnin sem nú eru í 1. bekk í Hólabrekkuskóla komu í tvær heimsóknir í leikskólann, eina þar sem þau léku sér inni og aðra þar sem leikið var úti. Það var einnig unnið samstarfsverkefni milli skólanna þar sem börn í 5. bekk sömdu ljóð sem þau komu með í leikskólann og lásu fyrir elstu börnin. Elstu börnin myndskreyttu svo ljóðin og fóru með þau í grunnskólann og sýndu börnunum sem höfðu samið ljóðin. Þetta var afar vel heppnað verkefni og langar okkur að endurtaka það næsta vetur.



Í vetur var oft margt um manninn í Hólaborginni. Við fengum nema til okkar úr FB sem voru að læra íslensku og einnig komu nemar í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands í vettvangsnám. Við höfum einnig verið í samstarfi við Hólabrekkuskóla þar sem börn í 9. bekk hafa getað valið að koma í leikskólann einu sinni í viku og tekið þátt í starfinu hjá okkur. Á degi íslenskrar tungu komu börn úr 8. bekk og lásu fyrir börnin í leikskólanum.

Að vori er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla þar sem deildarstjóri elstu barna og sérkennslustjóri hittir kennara fyrsta bekkjar og deildarstjóra yngsta stigs og þar eru ræddar þarfir og staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar barnanna koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum.

Hólaborg hefur verið í samstarfi við ÍR og er elstu börnunum boðið í íþróttahúsið við Austurberg einu sinni í viku þar sem þjálfari sér um íþróttatíma. Þetta verkefni gekk vel í vetur. Sundfélagið Ægir setti sig í samband við foreldrafélagið og bauð elstu börnunum tveggja vikna námskeið í sundi á leikskólatíma. Þar sem foreldrar allra elstu barnanna þáðu það tókum við þátt í þessu og fylgdum börnunum á námskeiðið.

Leikskólarnir Hólaborg, Suðurborg og Hraunborg héldu sameiginlega sumarhátíð þetta vor. Börn, foreldrar og starfsfólk komu saman á leiksvæði Hólabrekkuskóla ásamt Lúðrahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Gengið var að Leiknisvelli þar sem leikhópurinn Lotta sýndi leikrit og boðið var upp á skemmtilegar stöðvar og veitingar. Þetta heppnaðist vel og var mæting foreldra mjög góð :))

Við höfum verið í samstarfi við Tónlistarskóla Sigursveins til margra ára og það hélt áfram í ár. Elstu börnin æfðu lög eftir Rögggu Gísla fyrir opnun á Barnamenningarhátíð í Hörpu, þau fræddust um höfundinn og heimsóttu tónlistarskólann.

Blómaskólarnir héldu samstarfi sínu áfram við þróunarverkefni við innleiðingu á Menntastefnunni og hefur það verkefni skýra tengingu við alla fimm aðal þætti hennar. Skemmtilegar heimsóknir sem nú orðið mætti kalla samstarf eru heimsóknir okkar í tvö stærstu leikhús borgarinnar, heimsóknir í Grasagarðinn þar sem börnin fá tækifæri til að fylgjast með túlípána stækka, heimsókn til Íþróttafélagsins Leiknis og í Árbæjarsafnið svo eitthvað sé nefnt



8. Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf þar sem lögð er áhersla á samskiptastefnu Hólaborgar. Þau samskipti sem veita hvað þungast eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Það er mikilvægt að leita lausna í samskiptum við fjölskyldur sem ekki eiga sameiginlegt tungumál með okkur og stuðla þannig að auknum samskiptum og auknum skilningi á mögulegum menningarmun.

Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um barnið sitt og leikskólastarfið svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Upplýsingar eru veittar í tölvupósti, í gegnum Völu, með símtölum, túlkapjónustu, notkun samskiptabóka og á facebook-síðu foreldrafélagsins og ekki síst með skráningum og myndum úr starfinu. Einnig fara upplýsingar og auglýsingar á hirði á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítýngdir starfsmenn sem deila sama tungumáli með nokkrum börnum í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra.

Markmið Hólaborgar með fjölskyldusamstarfi:

- Að allir upplifi sig velkomna í Hólaborg
- Að kynast fjölskyldum hvers barns og að allir fái sömu upplýsingar
- Að fjölskyldan taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár barnsins
- Að fjölskyldum finnist þær geta leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi
- Að fjölskyldan sé hvött til dáða
- Að fjölskyldan hafi áhrif á leikskólasterfið

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar með barninu sínu í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýna því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins, áhugasviðum og þörfum. Foreldrar barnanna sem eru í aðlögun kynnst hvort öðru og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins. Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu, skoða deildina og fá upplýsingar um leikskólann og starfsfólk fær að hitta barnið og foreldra þess. Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra. Foreldrasamtöl að hausti eru á öllum deildum í október og nóvember. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir Efi-2 og Hljóm-2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Foreldrasamtöl að vori eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Foreldrasamtöl að vori fyrir elsta árganginn eru í apríl. Þá er farið yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.

Hólaborg er alltaf opin fyrir fjölskyldur barnanna en formlega er foreldrum boðið í kaffiboð tvisvar á ári. Undanfarið höfum við velt fyrir okkur heitum á þessum boðum með tilliti til ólíkra aðstæðna barna. Við höfum horfið frá því að tileinka þessi boð ákveðnum hópi hverju sinni eins og konu kaffi eða bónda kaffi og valið að kalla þau kaffiboð þar sem allir eru velkomnir.

Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja að vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið, skemmtun á sumarhátíð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaballi, leiksýning, hestar í garðinn. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum.



Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn á 6 skipulagsdaga á ári og eru þrír af þeim á sama tíma og í Hólabrekkuskóla. Skólaárið 2023-2024 er áætlað að þeir verði dagana 22. September '23, 17. Nóvember '23, 2. janúar '24, 23. febrúar '24, 05. apríl '24 og 17. maí '24 .



F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

10. Fylgigögn
1. Matsáætlun

Leikskólaárið 2023-2024		Námskrá - Hópastarf og foreldrasamstarf Innra mat – Skráningar, Lubbi, Tannburstun Stjórnun – Fundarplan, fundarskipulag og tímasetningar Setja inn tannburstun, metið í haust		
Hvað	Hvenær og hvernig	Hverjir taka þátt í matinu	Viðmið um árangur	
Þátttaka barna / endurmat barna. Hvar stöndum við núna og hvert stefnum við eftir tveggja ára þróunarverkefni við innleiðingu á menntastefnunni	Haust´23 og aftur vor´24 Á starfsmannafundi og á deildarfundum yfir veturinn Upprifjun á glærum frá Önnu Magneu um raddir barna og spurningalista svarað í kjölfarið	Allt starfsfólk	Að endurmat barna verði markvisst og endurtekið. Að allt starfsfólk taki þátt í því. Á öllum deildum verði til áætlun um endurmat barna fyrir komandi ár. Tengt við hópastarf og skráningar	
Skráningar	Okt.´24 Meta áætlun um skráningar með tillit til þess hvað er verið að skrá og af hverju. Meta hvaða skráningar eiga að fara í ferilmöppur barnanna Valdar skráningar skoðaðar saman í starfsmannhópnunum á starfsmannafundum og ígrundaðar.	Allt starfsfólk og rýnihópur	Verkefnastjóri skráninga gerir samantekt um stöðu starfsmanna við gerð skráninga og gerir tímaáætlun fyrir ráðgjöf Fleiri starfsmenn koma að skráningum. Glærur og bæklingur um tilgang skráninga verði til. Aukinn áhugi á skráningum	
Lubbi finnur málbein	Nóv. ´23 Spurningarlistar og samræða á deildarfundum og í hópastarfi	Allt starfsfólk og börn	Glærur og bæklingur um tilgang Lubba og hvernig hann er notaður á hverri deild fyrir sig. Lubbi verði virkur á öllum deildum Starfsfólk fái kynningu á hugmyndum um notkun námsefnisins	

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	Jan. '24 Á teymisfundi stjórnenda með lýðræðislegum samræðum og með spurningarlista og könnun til foreldra	Stjórnendateymi og foreldrar	Ný áætlun um viðburði og þátttöku foreldra í leikskólastarfi og skipulagning þeirra	
Fundarplan, Skipulag og tímasetningar	Sept. '23 Með lýðræðislegum samræðum á stjórnendateymis fundi	Stjórnendateymi og rýnihópur	Nýtt plan verði til um tímasetningu funda og viðburða og skipulagning þessa þátta.	
Tannburstun	Sept. '23 Með lýðræðislegum samræðum á starfsmannafundi	Allt starfsfólk	Tannburstun verði aftur fastur liður í dagskipulagi leikskólans Glærur og bæklingur um tannburstun í Hólaborg verði til	

10.2 Leikskóladagatal

10.3 Umsögn foreldraráðs

Að mati foreldraráðs kemur allt skýrt fram í starfsáætlun Hólaborgar sem þar á að vera fyrir utan ytra mat sem ekki var gert að þessu sinni. Okkur hugnast vel uppsetning starfsáætlunarinnar og má þar sérstaklega nefna umbótaáætlanir hvernar deildar sem og sérkennslu og fjölmenningu. Þær eru skýrar og auðlesnar og ættu að vera gott og auðskilið vinnuskjal til að framfylgja. Formið sem notast er við innra mat er ítarlegt og skilvirkt. Innra mat er gífurlega mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og því teljum við að þetta form muni tvímælalaust stuðla að bættu skólastarfi og hjálpa kennurum og öðru starfsfólki að gera þá vinnu sem hefur farið fram sýnilegri.

Áfram er áhersla á frjálstan leik, flæði og útiför sem er ánægjulegt. Flott að Hólaborg og blómaleikskólarnir séu enn í samstarfi varðandi þróunarverkefni við innleiðingu á Menntastefnunni. Einnig frábært að sjá að það er gott samstarf við aðra leikskóla í hverfinu

Ánægjulegt er að stöðugleiki í starfsmannahaldi er góður en það er merki um að það sé hugsað vel um mannauðinn. Það er ekki sjálfsagt að halda í gott starfsfólk og þó svo að það koma álagsdagar og dagar sem er erfitt að manna leikskólann, þá er auðvelt að finna fyrir gleðinni sem er til staðar hjá starfsfólki.

Linda Björk Pétursdóttir



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F Samsöngur	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F Samsöngur	2 L	2 Þ Starfsdagur/Lokað	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Baka og bjóða	4 F Samsöngur	4 S	4 M	4 F Samsöngur	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F Samsöngur	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F Starfsdagur/Lokað	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F Samsöngur	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelt þemadagur	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M Foreldrasamtöl hefjat	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F Leikskólinn opnar	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M Jólamaturl	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Öskudagur	14 F	14 S Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F Þemadagur	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Jólaball	15 M	15 F	15 F	15 M Baka og bjóða	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M Foreldrasamtöl hefjat	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F Starfsdagur/Lokað	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Menntastefnumót /starfsdagur/Lokað	17 M	17 M Lyðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - upphaf Þorra	19 M Vetrarfrí í grunnskólum	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M Dagur mannréttinda barns	20 L	20 L	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F Starfsdagur/Lokað	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F Starfsdagur/Lokað	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F Útskrift	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F Vetrarfrí í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F Þemadagur	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)	26 F
27 S	27 M	27 F Vetrarfrí í grunnskólum	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M Þemadagur	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M Aðlögun hefst	28 F Foreldrafundur	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skirdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F Þemadagur	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F Útskriftarferð	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S Gamliársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu sam ráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu